

Reykjavík, 5.febrúar 2020  
SFS2019020033  
179. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs

***Efni: Embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs***

Erindi barst frá velferðaráðuneytinu um umsögn um leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Erindinu var svarað með bréfi þann 18. desember 2019. Þar kom fram hversu ánægjulegt er að sjá hversu vel leiðbeiningarnar endurspeгла áherslur Reykjavíkur varðandi frístundastarf án aðgreiningar og þær faglegu forsendur sem lagt er upp með að sveitarfélög hugi að. Fyrirséð er að erfitt verður að fylgja því eftir að allt starfsfólk fái þá fræðslu sem það þarf til að möguleiki sé að halda uppi faglegu starfi ef ekki er hægt að nýta starfsdaga til þjálfunar og fræðslu líkt og í leik- og grunnskólum. Skóla- og frístundasvið fagnar mjög þeim áherslum sem koma fram í leiðbeiningunum um árangursríkt og þverfaglegt samstarf. Sem lið í auknu samstarfi er mikilvægt að breytingar á löggjöf sem tryggja að persónuverndarlög komi ekki í veg fyrir samstarf. Gerður var fyrirvari um að ekki liggja nú fyrir endanlegar upplýsingar um kostnaðarauka vegna breytinganna og er áskilinn réttur til að koma á framfæri frekari krögum þar að lútandi.



Velferðarráðuneytið

Reykjavík, 18. desember 2019

**Efni: Umsögn um leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir**

Ánægjulegt er að sjá hversu vel leiðbeiningarnar endurspegla áherslur Reykjavíkur varðandi frístundastarf án aðgreiningar og þær faglegu forsendur sem lagt er upp með að sveitarfélög hugi að. Áherslur borgarinnar og stefna varðandi félagsmiðstöðvarstarf fyrir börn og unglínga í 5.-10. bekk hafa einmitt verið í anda frístundastarfs án aðgreiningar eins og skýrt kemur fram sem forgangsáðgerð í Frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Það er einnig ánægjulegt að áhersla skuli vera sett á að þjónustuna skuli veita samhliða almennu frístundastarfi í hópi jafnaldra. Mikilvægur þáttur sem skiptir miklu máli þegar unnið er með sjálfseflingu, bættu félagsfærni, sjálfstæði og gegn félagslegri einangrun. Að sami skapi er jákvætt að hugað sé sérstaklega að því að mat á stuðningsþörf sé unnin í samvinnu við ungmenni eða barn og forsjáraðila eins og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kveður svo sterkt á.

Mjög skýr lína er í leiðbeiningunum að bjóða skuli upp á frístundastarf án aðgreiningar, þjónustan skuli vera samþætt almennri frístundaþjónustu þegar því verður við komið. Hjá Reykjavíkurborg yrði framangreint ekki uppfyllt nema með með mikilli uppstokkun á starfsemi sértækra félagsmiðstöðva (sem sinna þjónustu við fötluð börn og unglínga sem sækja almenna grunnskóla í Reykjavík) og miklum viðbótarkostnaði.

Nokkur hugtök og/eða atriði mætti skýra betur. Í 1. gr. er til að mynda talað um stutta daga, er litið svo á að frístundaþjónusta taki við þegar stuttum skóladegi lýkur eða er það sveitarfélags að ákveða hvort það er skóli eða frístundastarf sem veiti þjónustuna þar til kemur að hefðbundnum opnunartíma frístundastarfs?

Í 2. gr. er fjallað um metnar stuðningsþarfir. Hér er væntanlega átt við hefðbundið mat á stuðningsþörf eða þjónustuþörf barnsins í samræmi við 31. gr. laga nr. 38/2011 þar sem fram kemur að „[s]veitarfélög skulu starfrækja teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu og hvernig veita megi þjónustu í samræmi við óskir hans. Teymið skal hafa samráð við einstaklinginn við matið og skal það byggjast á viðurkenndum og samræmdum matsaðferðum“. Ekki er gert ráð fyrir að um sérstakt mat sé að ræða sem varðar þjónustu vegna frístundar. Hugsanlega mætti skýra betur hver það er sem er ábyrgur fyrir slíku mati, hver framkvæmir og út frá hvaða viðmiðum ?

Í 4. og 9. gr. mætti gjarnan fella orðið „frístundamál“ samhliða menntamálum. Að það kæmi skýrt fram í 4. gr. að þjónustukerfi félags-, heilbrigðis-, mennta- og *frístundamála* kæmu að þverfaglegu þjónustuteymi og sama í 9. gr. en þar mætti koma fram mikilvægi þess að áhersla ætti að vera á samstarf félags-, heilbrigðis-, mennta- og *frístundamála* við gerð og framkvæmd einstaklingsbundinna þjónustuáætlana. Einnig mætti skerpa á hugtakinu „frístundastarf“ varðandi miðlun upplýsinga og eftirlit (10. gr.) og setja inn í texta að upplýsingagjöf milli aðila geti verið útfærð milli sveitarfélags, notanda þjónustunnar, stuðningsaðila, viðkomandi skóla og *frístundastarfs* ef tilefni er til.

Í 6. gr. leiðbeininganna virðist vera gert ráð fyrir að ef þjónustutími verði aukinn frá því sem nú er hjá Reykjavíkurborg. Með ákvæðinu er gert ráð fyrir að ekki verði heimilt að loka vegna starfsdaga sem nú eru þrjú dagar á ári hjá Reykjavíkurborg auk þess sem lokað hefur verið á svokölluðum starfsdögum sem og í vetrarfríum sem eru fimm dagar á ári. Samtals 8 dagar á ári.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að hafa verði í huga eftirfarandi þætti:

- Skortur er á fagmenntuðu starfsfólki. Starfsfólk frístundastarfs hefur að lang mestum hluta verið ungt og ófaglært í hlutastörfum. Fólk sem gjarnan stundar aðra vinnu samhliða frístundastarfinu og/eða nám.
- Vegna skorts á fagmenntuðu starfsfólki er þjálfun og fræðsla enn mikilvægari. Í vinnu með fötluðum börnum og unglingum er fræðsla og þjálfun afar mikilvæg til að tryggja öryggi en ekki síður til að hægt sé að bjóða upp á innihaldsríkt og faglegt frístundastarf.

Fyrirséð er að erfitt verður að fylgja því eftir að allt starfsfólk fái þá fræðslu sem það þarf til að möguleiki sé að halda uppi faglegu starfi ef ekki er hægt að nýta starfsdaga til þjálfunar og fræðslu líkt og í leik- og grunnskólum. Mikil áhersla hefur verið lögð á að allt starfsfólk geti tekið starfsdaga og nýtt vetrarfrisdaga til undirbúnings, endurmenntunar og nauðsynlegar fræðslu. Ef opnunartími verður skilgreindur sem allir almanaksdagar fyrir utan helgar og lögbundna frídaga er sá möguleiki ekki fyrir hendi lengur. Það hefur því verið nánast ógjörningur að bjóða upp á fræðslu utan hefðbundins vinnutíma og mikið áhyggjuefni ef ekki verður hægt að vera með lokað 3 daga á ári líkt og verið hefur með svokölluðum starfsdögum sem og í vetrarfríum sem eru 5 dagar.

Í 6. gr. kemur fram að í þjónustuáætlun skuli gera ráð fyrir sumarleyfum fjölskyldu á orlofstíma, sbr. lög nr. 30/1987, um orlof og einnig kemur fram að ef um miklar stuðnings- og umönnunarþarfir sé að ræða þurfi að huga að orlofstímanum þ.e. að ekki verði rof á þjónustu. Hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hefur fötluðum börnum í Klettaskóla staðið til boða þjónusta allar vikur ársins nema 2 vikur að sumri, undantekningar eru þó gerðar ef um mikla þjónustuþyngd er að ræða en þá samkvæmt mati samráðshóps skóla- og frístundasviðs. Önnur fötluð börn sem eru í almennum grunnskólum í Reykjavík og sækja sértækar félagsmiðstöðvar fá þjónustu allt árið að undanskyldum 3 vikum að sumri.

Það er skilningur skóla- og frístundasviðs með vísan til framangreinds að ekki sé skylt að gera breytingar á fyrirkomulagi varðandi sumarlokanir. Hinsvegar ef skylt er að bjóða öllum fötluðum börnum þjónustu allar vikur ársins er gert ráð fyrir kostnaðarauka. Ef það er niðurstaðan að ekki verði heimilt að loka vegna starfsdaga/vetrarfría er það er mat skóla- og frístundasviðs að gera megi ráð fyrir að ráða þurfi starfsfólk til að manna starfsdaga/vetrarfrí. Það sama gildir ef ekki verður heimilt að loka á sumarleyfistíma í Öskju og sértæku


félagsmiðstöðvunum Hofi, Helli og Höll. Kostnaðarauki vegna þessara auknu þjónustu eru rúmar 61 milljón króna á ársgrundvelli

Óskað er upplýsinga um hvort með reglunum sé lagt bann við því að innheimt sé þáttökugjald vegna þjónustu við fötluð börn og unglunga í sértæku félagsmiðstöðvunum sem sækja almenna grunnskóla og þeirra sem sækja frístundaþjónustu Öskju og Guluhlíðar ( frístundaþjónusta barna sem sækja Klettaskóla ). Ekki er innheimt þáttökugjald vegna þátttöku ófatlaðra barna og unglunga í almennu félagsmiðstöðvastarfi. Tekjur af starfsemi Öskju, Guluhlíðar og sértæku félagsmiðstöðvunum Hof, Helli og Höll eru um kr. 29,7 milljónir á ári.

Skóla- og frístundasvið fagnar mjög þeim áherslum sem koma fram í leiðbeiningunum um árangursríkt og þverfaglegt samstarf. Sem lið í auknu samstarfi er mikilvægt að gerðar verði breytingar á löggjöf sem tryggja að persónuverndarlög komi ekki í veg fyrir samstarf. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig hægt sé að tryggja miðlun upplýsinga samstarfsaðila á milli en það er mjög brýnt að fundin verði farsæl lausn á því verkefni svo hægt sé að tryggja fötluðum börnum og ungmennum bestu mögulegu þjónustu hverju sinni. Það er ekki gert nema þjónustukerfi geti rætt sín á milli hvernig best verður komið til móts við þjónustuhæfir hvers og eins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið má ljóst vera að með leiðbeiningunum verður Reykjavíkurborg fyrir verulegum kostnaðarauka. Til samræmis við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er farið fram á kostnaðarmat og að sveitarfélaginu verði bætt aukin útgjöld.

Gerður er fyrirvari um að ekki liggja nú fyrir endanlegar upplýsingar um kostnaðarauka vegna breytinganna og er áskilinn réttur til að koma á framfæri frekari kröfum þar að lútandi. Jafnframt er óskað svara við framangreindum álitamálum varðandi túlkun leiðbeininganna.



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs